Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 02.12.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 1. desember 2021 varðandi eftirfarandi mál.

**Gufunes, samgöngutengingar**
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir samgöngutengingar í Gufunesi. Um er að ræða ca. 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Einnig er Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag o.fl., samkvæmt uppf. uppdrætti Verkís dags. 24. júní, br. 19. nóvember 2021, og greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021, br. 19. nóvember 2021. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur skýrsla nr. 218. Tillagan var auglýst frá 4. ágúst 2021 til og með 15. september 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Umhverfisstofnunar dags. 12. ágúst 2021, íbúaráð Grafarvogs dags. 17. ágúst 2021, Sigurjón P. Stefánsson dags. 23. ágúst 2021, Veðurstofa Íslands dags. 26. ágúst 2021, Jón Dal Kristbjörnsson og Sigríður María Jónsdóttir dags. 6. september 2021, Skipulagsstofnun dags. 15. september 2021, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 15. september 2021 og Minjastofnun Íslands dags. 22. nóvember 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2021.

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:*
*Lagt er til að tillögur um bráðabirgðaveg í Gufunesi og göngutengingar á svæðinu verði bornar upp í tvennu lagi þar sem um tvö aðskilin mál er að ræða. Annars vegar er um að ræða bætt aðgengi til framtíðar fyrir gangandi og hjólandi sem búa í Gufunesi og þá sem vilja njóta útivistar á svæðinu og hins vegar bráðabirgðaveg sem er umdeildur þar sem hann mun liggja á veghelgunarsvæði Sundabrautar.*
*Málsmeðferðartillagan er felld. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði með tillögunni.*
*Deiliskipulagstillaga samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2021.*
*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá.*
*Vísað til borgarráðs.*

*Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:*
*Helsta markmið með deiliskipulaginu er að búa til betri samgöngutengingar frá nýskipulögðu svæði í Gufunesi upp á Strandveg. Lagðir verðar stígar og innanhverfisvegur í þeim tilgangi. Jafnframt er Hallsteinsgarður festur í sessi sem*

*borgargarður. Fyrirhuguð lega Sundabrautar verður höfð til hliðsjónar við breytingar á deiliskipulag í framtíðinni, og samráð haft við Vegagerðina varðandi þann þátt.*
*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:*
*Hér er verið að skipuleggja bráðabirgðatengingar frá Gufunesi að Strandvegi sem að hluta fer yfir veghelgunarsvæði Sundabrautar. Mikilvægt er að raska í engu uppbyggingarmöguleikum Sundabrautar og að þessar fyrirætlanir tefji í engu það verkefni.*
*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

______________________________
Harri Ormarsson

Fylgiskjöl: uppdr. dags. 24. júní, br. 19. nóvember 2021, greinargerð Verkís dags. 24. júní 2021, br. 19. nóvember 2021, fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur skýrsla nr. 218, innkomnar athugasemdir/umsögn og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2021.




Grunnar eru í Reykjavíkurhnitum







Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030




## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Nýr vegur - til bráðabirgða
- Nýir stígar - leiðbeinandi
- Möguleg Sundabraut - til skýringar
- Möguleg undirgöng - til skýringar
- Veghelgunarsvæði mögulegrar Sundabrautar - til skýringar
- Núverandi vegir
- Núverandi stígar
- Bílastæði - til skýringar
- Áningastaður
- Trjá- og runnagróður - til skýringar
- Opið svæði/Hallsteinsgarður
- Opið svæði
- Landmótun/mön
- Fornleifar 100 ára eða eldri
- Herminjar frá 1940 og eldri
- Minjar frá 1930 og yngri
- Friðhelgað svæði fornminja
- 267-8 Númer á fornminjum eldri en 100 ára og herminjum

## SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulagið samanstendur af eftirfarandi gögnum:

Deiliskipulag. Gufunes - samgöngutengingar. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000. Blaðstærð A1. Dags. 24.06.2021.

Deiliskipulag. Gufunes - samgöngutengingar. Greinargerð. Dags. 24.06.2021.

## SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2000 m.s.br. var samþykkt í

Skipulags- og samgönguráði:

þann ____________ 20____

Borgarráði:

þann ____________ 20____

______________________________________

Tillagan var auglýst frá ______________________ 20____

með athugasemdafresti til ______________________ 20____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________________ 20____

19. nóv. 2021 - Eftir auglýsingu hafa fornleifar verið uppfærðar.

Deiliskipulag
Gufunes - samgöngutengingar
Deiliskipulagsuppdráttur

| | | |
|---|---|---|
| MKV. 1:2000/A1 | DAGS. 24.06.2021 | VERKFANG: 18117-005 |
| UNNIÐ AF: ÞRS | RÝNT: EBK | SAMÞ: EBK |

VERKÍS

N

0 20 40 60 80 100 200m
1:2.000

V:\18\18117\teikn\+U\U24 Skipulag\18177-DSK uppdráttur Gufunes.dgn



# TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI
# GUFUNES - SAMGÖNGUTENGINGAR

## Greinargerð

Dags. 24. júní 2020

## Samþykktir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í

Skipulags- og samgönguráði:

þann __________ 20____

Borgarráði:

þann __________ 20____

____________________________________________

Tillagan var auglýst frá _____________________ 20____

með athugasemdafresti til __________________ 20____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann ______________ 20____

# Efnisyfirlit

**1 Inngangur ... 1**
1.1 Almennt ... 1
1.2 Forsendur og Markmið ... 1
1.3 Málsmeðferð og kynning ... 1
1.4 Skipulagsgögn ... 2
1.5 Tengsl við aðrar áætlanir ... 2
Aðalskipulag ... 2
Deiliskipulag ... 2
**2 Forsendur ... 3**
2.1 Skipulagssvæðið ... 3
2.2 Staðhættir ... 3
2.3 Fornminjar ... 4
**3 Deiliskipulagið ... 5**
3.1 Almennt ... 5
3.2 Samgöngur ... 5
3.3 Göngu- og hjólastígar ... 5
3.4 Borgargarður/Hallsteinsgarður ... 5
3.5 Opin svæði – Gróður ... 5
3.6 Landmótun/mön ... 6
3.7 Veitur ... 6
3.8 Frágangur umhverfis ... 6
3.9 Lýsing ... 6
3.10 Menningarminjar ... 6
**4 Umhverfisskýrsla ... 7**
4.1 Viðfangsefni, nálgun og áherslur ... 7
4.2 Áhrif deiliskipulags og eftirfylgni ... 8
Samgöngur ... 8
Landnotkun ... 8
Menningarminjar ... 8
Loftgæði ... 9
Gróður ... 9
Samfélag ... 9
Landslag og ásýnd lands ... 9
Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif ... 10
Stakar framkvæmdir ... 10
Eftirfylgni og vöktun ... 10
**5 Heimildir ... 11**

# Yfirlit yfir myndir

Mynd 1 Vistgerðir á skipulagssvæðinu (Heimild: NÍ). ... 4
Mynd 2 Skráðar fornminjar á skipulagssvæðinu (Heimild: Borgarsögusafn Reykjavíkur). ... 4

# 1 INNGANGUR

## 1.1 ALMENNT

Hér er sett fram deiliskipulag fyrir samgöngutengingar í Gufunesi í Reykjavík. Deiliskipulagið byggir á skipulagslögum nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið liggur á milli Strandvegar/Rimahverfis og nýrrar byggðar í Gufunesi, auk grænna svæða og strandarinnar til norðurs.

Skv. *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem opið svæði – merkt OP8, sem er svæði fyrir útivist í tengslum við þéttbýli.

## 1.2 FORSENDUR OG MARKMIÐ

Þörf er á betri samgöngutenginum frá nýskipulögðu svæði í Gufunesi upp á Strandveg til að tengja betur saman Gufunes og Grafarvog.

Helstu markmið með deiliskipulaginu er að:

- Festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi.
- Tryggja góð tengsl almennings við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða.
- Tryggja að fyrirhuguð lega Sundabrautar verði höfð til hliðsjónar við deiliskipulagsgerðina og útfærsla rædd við Vegagerðina.
- Vernda gróður- og náttúrufar á svæðinu eins og hægt er.
- Festa Hallsteinsgarð í sessi sem borgargarð
- Skoða möguleikann á bílastæðum og útsýnisstað við Hallsteinsgarð.

## 1.3 MÁLSMEÐFERÐ OG KYNNING

Skipulagslýsing var samþykkt í Skipulags- og samgönguráði og Borgarráði þann 25. mars 2021. Skipulagslýsingin var auglýst 7. apríl 2021 og send til umsagnar- og hagsmunaaðila.

Við deiliskipulagsvinnuna verður tillagan send m.a. til kynningar á eftirfarandi:

- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Borgarsögusafn Reykjavíkur
- OR/Veitur
- Listasafn Reykjavíkur
- Samgöngustjóri Reykjavíkur USK
- Skrifstofa Umhverfisgæða USK

Einnig verður leitað til:

- Íbúaráðs Grafarvogs
- Íbúasamtaka Grafarvogs

Samráð var haft við Vegagerðina varðandi fyrirhugaða Sundabraut og Veitur um fyrirkomulag veitna á svæðinu. Einnig var leitað til Borgarsögusafns varðandi fornminjar á svæðinu.

## 1.4 SKIPULAGSGÖGN

Deiliskipulag þetta samanstendur af eftirfarandi gögnum:

- Tillaga að deiliskipulagi. Gufunes - samgöngutengingar. Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2000. Blaðstærð A1. Dags. 24.06.2021.
- Tillaga að deiliskipulagi. Gufunes - samgöngutengingar. Greinargerð. Dags. 24.06.2021.

## 1.5 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### Aðalskipulag

Í *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030* er svæðið sem hér er til umræðu skilgreint sem opið svæði (OP8). Þar er gert ráð fyrir svæði til útivistar, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu og þjónustu sem tilheyrir almennri útivist, svo sem stígum og áningarstöðum. Opna svæðið á Gufunesi er jafnframt nánar skilgreint sem borgargarður, en innan slíkra garða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar, leikja og allrar almennrar frístundaiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum.

Fyrirhuguð Sundabraut þverar skipulagssvæðið og er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum og akstursbrú/undirgöngum með tengingu við Strandveg. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að núverandi Gufunesvegur færist að gatnamótum Strandvegar og Borgarvegar. Einnig er gert ráð fyrir að stofnstígur liggi um svæðið og með ströndinni norðan skipulagssvæðisins. Ströndin nýtur hverfisverndar vegna náttúru og fuglalífs.

Um Gufunesið segir nánar í B-hluta aðalskipulagsins fyrir borgarhluta 8 – Grafarvogur:

*„OP8 Gufunes. Gufunes er nesið austur af Viðeyjarsundi, suðvestan Eiðsvíkur. Gufunes var sjálfstæð jörð. Kirkja var þar komin um 1150 og henni fylgdi kirkjugarður. Gufuneskirkja var lögð niður 1886. Beinin úr kirkjugarðinum voru tekin upp árið 1968 og flutt í nýjan grafreit vegna byggingarframkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Svæðið var um langt skeið nýtt sem urðunarstaður. Nú á dögum er útvistarsvæðið í Gufunesi hluti af Grafarvogshverfi. Norðaustan þess og norðan er Eiðsvík og Geldinganes og að sunnan Grafarvogurinn. Frístundamiðstöðin Gufunesbær var stofnuð haustið 1998 og sér Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur um hana.“*

Til stendur að stækka aðliggjandi svæði fyrir miðsvæði um 8,5 ha í aðalskipulagi Reykjavíkur og fer deiliskipulagsvinna þess efnis af stað á árinu 2021, að loknum fornleifarannsóknum á 2.áfanga í Gufunesinu. Syðsti hluti svæðisins verður þó áfram iðnaðarsvæði (móttökusvæði Sorpu).

### Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag á þessu svæði, en á aðliggjandi svæðum eru í gildi deiliskipulagsáætlanir, þ.e. *Gufunes, útivistarsvæði* sem samþykkt var 21. október 2004, *Borgir* sem samþykkt var 19. apríl 1994 og *Gufunes, áfangi 1* sem samþykkt var 21. febrúar 2019 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 1. mars 2019.

# 2 FORSENDUR

## 2.1 SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er um 22 ha að stærð og afmarkast af mörkum deiliskipulagsins *Gufunes, útivistarsvæði* til suðvesturs, mörkum deiliskipulags fyrir *Gufunes, 1. áfangi* til norðvesturs og af Strandvegi og mörkum deiliskipulagsins *Borgir* til austurs.

í Gufunesi, er hafin uppbygging sem mun fjölga verulega íbúum og auka starfsemi á svæðinu. Uppbyggingin kallar á bættar samgöngutengingar inn og út úr hverfinu. Tryggja þarf einnig örugga göngu- og hjólaleið að núverandi hverfi í Grafarvogi þar sem helsta þjónustan verður fyrst um sinn.

Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að Sundabraut liggi um svæðið og eru tengingar við núverandi gatnakerfi sýndar. Sundabrautin er í hönnunarferli og er ljóst að breytingar verða á þessum tengingum.

## 2.2 STAÐHÆTTIR

Svæðið er óbyggt á milli Grafarvogs og nýs hverfis í Gufunesi. Landinu hallar til norðvesturs og er það allgróið. Á suðurhluta svæðisins liggur Gufunesvegur sem tengir Gufunesið við Strandveg um gatnamót við Rimaflöt. Sunnan Gufunesvegar eru útivistarsvæði og skemmtigarður. Með ströndinni austur af skipulagssvæðinu eru áhugaverðar gönguleiðir.

Innan skipulagssvæðisins liggur Hallsteinsgarður, sem er tæplega 1,5 ha höggmyndagarður. Í garðinum er að finna 16 höggmyndir úr áli eftir Hallstein Sigurðsson, myndlistamann. Höggmyndirnar voru reistar á árunum 1989-2012 en árið 1992 var afmörkun garðsins samþykkt, þó ekki væri um eiginlegt deiliskipulag að ræða. Árið 2013 fékk Reykjavíkurborg höggmyndirnar að gjöf frá listamanninum og eru þær nú í umsjá Listasafns Reykjavíkur. Garðurinn er allgróinn og áhugaverður staður fyrir útivist í jaðri fjölmenns íbúðarhverfis. Byggður hefur verið áningarstaður í suðurenda garðsins, en skortur er á bílastæðum. Úr garðinum er áhugavert útsýni yfir Viðey, Grafarvoginn og Sundin. Með fyrirhugaðri uppbyggingu byggðar í Gufunesi verður garðurinn enn mikilvægari áningarstaður íbúa og getur tengt hverfin saman.

Engar skráðar náttúruminjar eru innan skipulagssvæðisins eða svæði sem nýtur verndar 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í töflu 1 má sjá vistgerðir á deiliskipulagssvæðinu[1]. Auk þeirra vistgerða sem þar eru tilgreindar má finna töluvert af lúpínu ásamt trjá- og runnagróðri. Nokkuð er um vistgerðir með hátt verndargildi en engar vistgerðir með mjög hátt verndargildi er að finna á svæðinu. Ekkert votlendi er innan skipulagssvæðisins.

*Tafla 1 Vistgerðir á skipulagssvæðinu (Heimild: NÍ).*

| Lágt verndargildi | Miðlungs verndargildi | Hátt verndargildi | Mjög hátt verndargildi |
|---|---|---|---|
| L1.1 Eyðimelavist | L9.1 Stinnastaravist | L9.4 Snarrótarvist | - |
| L1.2 Grasmelavist | L9.7 Blómgresisvist | L9.5 Grasengjavist | - |
| L1.3 Mosamelavist | L10.6 Fjalldrapamóavist | L9.6 Língresis- og vingulsvist | - |
| L5.3 Hraungambravist | - | L10.4 Grasmóavist | - |
| - | - | L10.8 Lyngmóa-vist á láglendi | - |



*Mynd 1 Vistgerðir á skipulagssvæðinu (Heimild: NÍ).*

## 2.3 FORNMINJAR

Fyrir liggur fornleifaskráning sem unnin var af Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjarsafni árið 2004 (*Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots*)[2].

Fornleifaskráning var unnin árið 2018 af Önnu Lísu Guðmundsdóttur og Margréti Björk Magnúsdóttir vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes.[3]

Þar sem fyrirliggjandi fornleifaskráning er komin til ára sinna var haft samráð við Borgarsögusafn Reykjavíkur um yfirferð á skráningum og mögulegar viðbætur. Unnið er að þeirri endurskoðun og verður tillaga uppfærð verði þess þörf að loknu kynningarferli.




*Mynd 2 Skráðar fornminjar á skipulagssvæðinu (Heimild: Borgarsögusafn Reykjavíkur).*

# 3 DEILISKIPULAGIÐ

## 3.1 ALMENNT

Gert er ráð fyrir götutengingu til bráðabirgða á milli Gufuness og Strandvegar, auk göngustígs um svæðið en lega hans er leiðbeinandi. Afmarkað er sérstakt svæði fyrir höggmyndagarðinn Hallsteinsgarð ásamt áningarstað og mögulegum bílastæðum. Önnur svæði eru opin græn svæði til útivistar.

Fyrirhuguð Sundabraut er sýnd til skýringar á deiliskipulagsuppdrætti án þess að um formlega legu hennar sé að ræða.

## 3.2 SAMGÖNGUR

Gert er ráð fyrir nýjum Gufunesvegi sem tengir Gufuneshverfið við Strandveg. Vegurinn leysir af hólmi núverandi Gufunesveg og verður honum lokað fyrir bílaumferð í kjölfarið. Vegurinn tekur mið af legu Sundabrautar miðað við nýjustu hugmyndir um útfærslu hennar og er gert ráð fyrir að hann liggi í akstursgöngum undir brautina í samræmi við frumdrög á hæðarlegu hennar. Vegurinn er til bráðabirgða og undirgöngin eru sýnd til skýringar á uppdrætti en gæti orðið varanlegur ef það samræmist endanlegri útfærslu Sundabrautar. Nánari útfærsla undirganga verður sýnd í síðari breytingu á deiliskipulaginu, ef þörf krefur. Fyrirhuguð Sundabraut er sýnd til skýringar en nákvæm lega hennar hefur ekki verið ákvörðuð. Það á einnig við um mögulega tengingu af Borgarvegi inn á Sundabraut. Úfærsla Sundabrautar og vegtenginga við hana kallar á síðari breytingu á deiliskipulaginu.

Við hönnun nýrra vega skal huga að legu veitna sbr. kafla 3.7 um veitur.

## 3.3 GÖNGU- OG HJÓLASTÍGAR

Áfram er gert ráð fyrir göngustíg um Hallsteinsgarð sem tengist strandstíg norðan skipulagssvæðisins. Einnig er gert ráð fyrir að strandstígur frá Gufuneshverfinu verði framlengdur og tengdur fyrirhuguðu stofnhjólaneti sem gert er ráð fyrir að liggi með Sundabraut.

Gert er ráð fyrir göngustíg sem efli tengsl Gufuneshverfisins við Strandveg/Borgarveg og Rimahverfi. Lega stígsins á uppdrætti er leiðbeinandi. Komi til uppbyggingar Sundabrautar skal aðlaga stíginn að henni og mögulega leggja hann í undirgöng undir brautina. Slíkt kallar ekki á breytingu á deiliskipulaginu, þar sem um leiðbeinandi legu er að ræða.

Við hönnun stígsins skal huga að aðgengi fyrir alla og að umhverfi hans verði aðlaðandi og hvetji til vistvænna ferðamáta. Möguleg undirgöng skulu vera björt og örugg fyrir alla vegfarendur.

Huga skal að nálægð stígsins við hverfisverndarsvæði við ströndina og tryggja að hann hafi ekki neikvæð áhrif á fuglalíf og náttúruna.

## 3.4 BORGARGARÐUR/HALLSTEINSGARÐUR

Afmarkað er 2,2 ha svæði fyrir Hallsteinsgarð sem borgargarð. Einnig er afmarkað svæði fyrir áningarstað og möguleg bílastæði fyrir 4-5 bíla. Svigrúm er til að bæta aðstöðu innan garðsins og á áningarstaðnum. Heimilt er að auka gróður en fullt tillit skal tekið til ásýndar og sýnileika höggmyndanna innan garðsins. Einnig skal hugað að útsýni frá áningarstaðnum.

## 3.5 OPIN SVÆÐI – GRÓÐUR

Gert er ráð fyrir að stærstur hluti skipulagssvæðisins verði opið svæði fyrir útivist í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Gert er ráð fyrir að efla trjá- og runnagróður með gróðursetningu á svæðinu. Miða skal við að ræktunin auki útivistargildi þess og myndi aðlaðandi umhverfi göngu- og hjólastíga sem og aðliggjandi byggðar. Þó skal varast

gróðursetningu sem getur haft áhrif á vistgerðir sem hafa hátt verndargildi, sbr. töflu 1. Einnig skal tryggja að ekki verði gróðursett nærri mögulegum fornminjum, sbr. kafla 3.10 um menningarminjar.

## 3.6 LANDMÓTUN/MÖN

Nýr göngustígur mun liggja í sveig nærri Strandvegi vegna aðlögunar að landi. Nálægð stígsins við göngustíg handan Strandvegar og sjóntenging þar á milli getur skapað hættu á að vegfarendur stytti sér leið yfir Strandveginn. Til að sporna við því er lagt til að landið milli stígsins og Strandvegar verði mótað þannig að sjóntenging rofni. Einnig er æskilegt að trjá- og runnagróður verði nýttur í sama tilgangi.

Svæðið kann að verða endurmótað í tengslum við tengingu vega við Sundabraut í síðari breytingu á deiliskipulagi.

## 3.7 VEITUR

Veitulagnir liggja frá Gufuneshverfinu og að Strandvegi og Rimahverfi. Gert er ráð fyrir að nýjar stofnlagnir Veitna, sem þjóni uppbyggingarsvæðum í Gufunesi, liggi í eða við nýjan Gufunesveg. Við lagningu nýrra veitulagna skal huga að nálægð við mögulegar fornminjar sem og vistgerðir með hátt verndargildi. Veitulagnir eru ekki sýndar á skipulagsuppdrætti.

## 3.8 FRÁGANGUR UMHVERFIS

Lögð er áhersla á að frágangur og umgengni á svæðinu sé til fyrirmyndar. Áður en framkvæmdir við vegi og stíga hefjast skal svarðarlagi haldið til haga og það nýtt við frágang á svæðinu.

## 3.9 LÝSING

Lýsing á skipulagssvæðinu skal vera látlaus og glýjulaus. Gæta skal þess að ljósgjafar lýsi niður og valdi ekki sjón- eða ljósmengun á svæðinu eða aðliggjandi svæðum, einkum íbúðarbyggð í Gufunesi. Einnig skal huga að nálægð við ströndina og hverfisverndarsvæðum þar, þannig að myrkurgæði skerðist ekki.

## 3.10 MENNINGARMINJAR

Nokkrar skráðar minjar eru innan skipulagssvæðisins en þær eru ekki í hættu vegna skipulagsins, þ.e. ekki er gert ráð fyrir röskun á þeim svæðum.

Ef fornminjar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Stofnunin skal þá láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.

Skv. 21. gr. sömu laga má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja fornminjar úr stað nema með leyfi Minjastofnunar.

# 4 UMHVERFISSKÝRSLA

## 4.1 VIÐFANGSEFNI, NÁLGUN OG ÁHERSLUR

Gerð deiliskipulagsins fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 [4]. Skipulagsáætlunin er unnin samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010[5], hún verður tekin fyrir í borgarstjórn Reykjavíkur og mun marka stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 [6] (lið 10.09 í 1. viðauka laganna). Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar á tiltekna umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Metin eru áhrif á samgöngur, landnotkun, menningarminjar, loftgæði, gróður, samfélag, landslag og ásýnd.

Áhrifavaldar eða áhrifaþættir skipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunar og hámarka þau jákvæðu. Í töflu 2 er vinsun umhverfisþátta tilgreind, þ.e. megin matsþættir og umhverfisþættir sem eru líklegir til að verða fyrir áhrifum vegna stefnu deiliskipulagsins. Val umhverfisþátta byggir á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand, upplýsingum úr vinnu við deiliskipulagsbreytinguna og öðrum forsendum sem liggja fyrir.

*Tafla 2 Vinsun umhverfisþátta. Matsþættir og umhverfisþættir sem teljast líklegir til þess að verða fyrir áhrifum af deiliskipulaginu.*

| Matsþáttur | Umhverfisþættir[7] | Skýringar |
|---|---|---|
| Samgöngur | Heilbrigði manna og samfélag | Vegna bættra göngutenginga og vegtenginga, auknu aðgengi að svæðinu fyrir gangandi vegfarendur |
| Landnotkun | Samfélag, loft og landslag | Áhrif og rask vegna framkvæmda við vegi og göngustíga. Styrking gróðurs og aukin binding kolefnis |
| Menningar-minjar | Menningararfleifð og landslag | Vegna skráðra fornleifa. Áhrif af sterkari staðaranda og meðvitund um þá staðaranda svæðisins |
| Loftgæði | Heilbrigði manna og loft | Vegna bindingu gróðurs á svifryki |
| Gróður | Dýr, plöntur, líffræðileg fjölbreytni og jarðvegur | Styrking gróðurs og aukin og líffræðileg fjölbreytni svæðisins |
| Samfélag | Samfélag og eignir | Auknir möguleikar til útivistar og hreyfingar. Styrking sjálfbærni daglegs lífs |
| Landslag og ásýnd lands | Landslag og líffræðileg fjölbreytni | Styrking staðaranda og ásýnd svæðisins |

Í umhverfismatinu er stuðst við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins. Vægiseinkunnirnar byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og stuðst er við sex vægiseinkunnir við matið. Í umhverfismatinu er lagt mat á það hvort deiliskipulagið styður eða gengur gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér.

*Tafla 3 Vægiseinkunn fyrir mat á umhverfisáhrifum deiliskipulagsins.*

| Vægiseinkunn | Skýringar |
|---|---|
| ++ | **Veruleg jákvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega jákvæðri breytingu á umhverfinu. |
| + | **Jákvæð áhrif**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd styður viðkomandi umhverfisviðmið. |
| 0 | **Engin eða óveruleg áhrif / Á ekki við**. Tillaga að stefnu eða framkvæmd hefur engin, lítil eða óljós tengsl við viðkomandi umhverfisviðmið. |
| - | **Neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið. |
| - - | **Veruleg neikvæð áhrif.** Tillaga að stefnu eða framkvæmd vinnur gegn eða gengur þvert á viðkomandi umhverfisviðmið og stuðlar að verulega neikvæðri breytingu á umhverfinu. |
| ? | **Óvissa um áhrif / Vantar upplýsingar.** Óvíst er eða háð útfærslu hvort tillaga að stefnu eða framkvæmd styður eða vinnur gegn viðkomandi umhverfisviðmiði. |

## 4.2 ÁHRIF DEILISKIPULAGS OG EFTIRFYLGNI

Í kaflanum er sett fram umhverfismat deiliskipulagstillögunnar.

### Samgöngur

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Stuðlar deiliskipulagið að vistvænum og heilsusamlegum samgöngum, hjólandi, gangandi eða almenningssamgöngum? | ++ |
| Stuðlar deiliskipulagið að auknum gæðum byggðar hvað varðar umferðaröryggi og hljóðvist? | ++ |

*Viðmið*: Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna[8], þ.e. markmiði 11 og landsskipulagsstefnu[9].

*Skýringar*: Deiliskipulagið felur m.a. í sér útfærslu veg- og stígatenginga frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi og það er líklegt til að stuðla að vistvænum samgöngum og auka öryggi vegfaranda. Landmótun á svæðinu og hæðarlega opinna svæða er líkleg til að stuðla að góðri hljóðvist á svæðinu.

### Landnotkun

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Veldur deiliskipulagið aukinni losun gróðurhúsalofttegunda? | - |
| Stuðlar deiliskipulagið að bindingu bindingu kolefnis? | + |

*Viðmið*: Grípa til aðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. markmiði 13 og landsskipulagsstefnu.

*Skýringar*: Við vegagerð og framkvæmdir við stíga verður rask á grónu landi en það leiðir til losunar gróðurhúsalofttegunda, í það minnsta til skamms tíma litið. Aukinn og fjölbreyttari gróður á svæðinu stuðlar að bindingu gróðurhúsalofttegunda til langs tíma litið.

### Menningarminjar

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Hefur deiliskipulagið í för með sér röskun á fornleifum eða svæðum þar sem eru merkar menningarminjar? | 0 |

*Viðmið*: Stuðla að verndun og varðveislu menningarminja. Byggt á lögum um menningarminjar nr. 80/2012[10] og landsskipulagsstefnu.

*Skýringar*: Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er ólíklegt að deiliskipulagið hafi áhrif á fornleifar. Fyrirliggjandi er að uppfæra fornleifaskráningu fyrir svæðið og útfærsla stefnunnar mun taka mið af þeim upplýsingum þegar þær liggja fyrir.

## Loftgæði

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Stuðlar deiliskipulagið að auknum gæðum byggðar hvað varðar loftmengun? | + |

*Viðmið*: Að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið. Byggt á reglugerð um loftgæði nr. 787/1999[11].

*Skýringar*: Styrking gróðurs er að ákveðnu marki líkleg til að vinna gegn svifryksmengun.

## Gróður

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Stuðlar deiliskipulagið að líffræðilegum fjölbreytileika? | ++ |
| Hefur deiliskipulagið áhrif á lykil vistkerfi eða mikilvægar vistgerðir? | - |

*Viðmið*: Vernda, endurheimta og styðja sjálfbæra nýtingu vistkerfa á landi. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmiði 15 og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013[12].

*Skýringar*: Svæðið er gróið mólendi og moslendi, en allstórar lúpínubreiður eru á svæðinu. Nyrst er hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi. Á skipulagssvæðinu eru vistgerðir með hátt verndargildi, eins og lyngmóavist á láglendi, grasmóavist, snarrótarvist, grasengjavist og língresis- og vingulsvist. Líklegt er að þessar þessar vistgerðir verði fyrir einhverjum áhrifum af framfylgd deiliskipulagsins miðað við fyrirliggjandi gögn. Landfræðilegt umfang þeirra áhrifa er þó óverulegt. Rík áhersla er á styrkingu gróðurs og sú stefna er líkleg til að auka líffræðilegan fjölbreytileika.

## Samfélag

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Stuðlar stefnan að eflingu nærþjónustu? | + |
| Stuðlar stefnan að möguleikum til útivistar og hreyfingar? | ++ |
| Stuðlar stefnan að eflingu almenningsrýma, svo sem með tilliti til aðstöðu, gróðurs og fjölbreyttra nýtingarmöguleika? | ++ |

*Viðmið*: Borgir og bæir umfaðmi alla þjóðfélagshópa, séu örugg og sjálfbær og með viðnámsþol gagnvart breytingum. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þ.e. markmiði 3 og 11 og landsskipulagsstefnu.

*Skýringar*: Deiliskipulagið felur í sér að festa Hallsteinsgarð í sessi, styrkja gróður á opnum svæðum og tryggja göngutengsl. Það er líklegt til að stuðla að auknum gæðum almenningsrýma, opinna svæða og auka möguleika til útivistar og hreyfingar. Að einhverju leyti mun styrking göngutengsla og bætt vegtenging auka framboð nærþjónustu þeirra sem búa beggja vegna svæðisins.

## Landslag og ásýnd lands

| Matsspurning | Vægiseinkunn |
|---|---|
| Hefur stefnan áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásýnd lands? | ++ |
| Styður deiliskipulagið markmið um að staðsetning og hönnun nýrra mannvirkja taki mið af mælikvarða byggðar, bæjarmynd, byggingarhefðum, náttúru, landslagi og staðháttum? | ++ |

*Viðmið*: Stuðla að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. Byggt á landsskipulagsstefnu.

*Skýringar*: Deiliskipulagið tekur til opins svæðis innan borgarmarka sem ber ummerki fyrri tíma sem sjá má í fornminjum og ásýnd lands. Við útfærslu

deiliskipulagsins er unnið með þennan menningararf og náttúru svæðisins, en einnig með því að festa Hallsteinsgarð í sessi og auðvelda fólki för um svæðið. Stefnan er í heildina líkleg til að styrkja staðaranda og ásýnd svæðisins.

## Niðurstaða umhverfismats og samlegðaráhrif

Deiliskipulagið nær til um 22 ha óbyggðs svæðis og í heildina eru umhverfisáhrif tillögunnar jákvæð eða verulega jákvæð. Umhverfisáhrifin eru verulega jákvæð á samgöngur, samfélag, landslag og ásýnd og líffræðilegan fjölbreytileika. Neikvæð umhverfisáhrif varða einkum rask á jarðvegi og gróðri vegna framkvæmda og möguleg áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi.

Í deiliskipulaginu er fjallað um opin svæði og samgöngutengingar við nýskipulagt hverfi í Gufunesi, þ.e. að tengja Gufunes betur við Grafarvog. Í deiliskipulaginu er ekki fjallað um fyrirhugaða Sundabraut og í umhverfismati deiliskipulagstillögunnar er ekki fjallað um umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar.

## Stakar framkvæmdir

Deiliskipulagstillagan felur annars vegar í sér gerð vegar eða vegtengingar milli Strandvegar og Gufuness og hins vegar lagningu nýrra göngustíga og bílastæða.

## Eftirfylgni og vöktun

Við framkvæmdir á svæðinu þarf að taka tillit til fornleifa, en unnið er að uppfærslu forleifaskráningar fyrir svæðið. Nýjar upplýsingar um fornleifar munu því liggja fyrir á vinnslutíma deiliskipulagsins.

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að framkvæmdir við vegtengingu og stíga kunni að hafa áhrif á vistgerðir með hátt verndargildi. Við útfærslu framkvæmda þarf að lágmarka eins og kostur er þessi áhrif og eftir því sem við á grípa til viðeigandi mótvægisaðgerða.

Niðurstaða umhverfismatsins er einnig sú að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á jarðveg og gróður. Við útfærslu framkvæmda er mikilvægt að lágmarka þessi neikvæðu áhrif og eftir því sem kostur er nýta þennan jarðveg innan svæðis, svo sem við landmótun svæðisins.

# 5 HEIMILDIR

[1] Vefur Náttúrufræðistofnunar Íslands, https://vistgerdakort.ni.is/ Sótt í júní 2021.

[2] Anna Lísa Guðmundsdóttir. 2004. Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjálegu hennar Knútskots. Minjasafn Reykjavíkur. Árbæjarsafn.

[3] Anna Lísa Guðmundsóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. 2018. Fornleifaskráníng vegna 1. áfanga við Gufunes. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Skýrsla nr. 188.

[4] Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

[5] Skipulagslög nr. 123/2010.

[6] Lög um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

[7] Umhverfisþættir sbr. skilgreiningu á umhverfi í lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

[8] Stjórnarráð Íslands. 2021. Heimsmarkmiðin. Forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar. Sótt 10. júní 2021 af https://www.stjornarradid.is/

[9] Skipulagsstofnun. 2016. Landsskipulagsstefna 2015–2026 ásamt greinargerð. Sótt 10. júní 2021 af http://www.landsskipulag.is/

[10] Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

[11] Reglugerð um loftgæði nr. 787/1999.

[12] Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

# Gufunes - Samgöngutengingar
## Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



**Reykjavík 2021**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 218

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

**Borgarsögusafn**
Reykjavíkur

# Gufunes - Samgöngutengingar

## Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir




**Reykjavík 2021**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 218

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Áburðarverksmiðjan í Gufunesi árið 1981.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 ÁBU 005 002 2-4. Ljósmyndari: Gunnar V. Andrésson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 218
Reykjavík 2021
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Efnisyfirlit


Efnisyfirlit ... 1

Formáli ... 3

1. Saga svæðisins ... 5

 1.1 Staðhættir og örnefni ... 5

 1.2 Jörðin Gufunes ... 7

 1.3 Eiði ... 14

2. Almennt um verndun menningarminja ... 16

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja ... 17

4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 18

 Gufunes 265-16 Gamli Gufunesvegurinn ... 20

 Gufunes 265-28 Byssustæði ... 21

 Gufunes 265-29 Skotgröf ... 22

 Gufunes 265-30 Skotgröf ... 23

 Gufunes 265-40 Stekkur ... 24

 Gufunes 265-41 Stekkur ... 24

 Gufunes 265-65 Skotgrafir ... 25

 Gufunes 265-66 Skotgröf ... 26

 Gufunes 265-67 Byssustæði og tvær skotgrafir ... 27

 Gufunes 265-68 Vatnsgeymir ... 28

 Gufunes 265-69 Útihús ... 29

 Gufunes 265-70 Útihús ... 29

 Gufunes 265-71 Túngarður ... 29

 Gufunes 265-72 Gata ... 30

 Eiði 267-8 Túngarður, landamerki ... 31

 Eiði 267- 49 Tóft við Strandveg ... 33

 Eiði 267-51 Tóft og gerði ... 34

 Eiði 267-66 Tvær skotgrafir ... 34

 4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ... 35

 Fornleifar á skráningarsvæðinu ... 35

 Yngri minjar á skráningarsvæðinu ... 35

 Herminjar á skráningarsvæðinu ... 35

 Menningarmerkingar, tillögur ... 36

6. Heimildaskrá ... 36

 Óprentaðar / Óútgefnar heimildir ... 36

 Prentaðar / Útgefnar heimildir ... 36

 Rafrænar heimildir / Vefsíður / Gagnagrunnar ... 37

Viðauki 1 ........ 38
Minjatafla fyrir deiliskipulagssvæðið ........ 38
Viðauki 2 ........ 39
Minjakort fyrir deiliskipulagssvæðið ........ 39

# Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á því deiliskipulagssvæði sem nefnt hefur verið „Gufunes - samgöngutengingar“ og liggur á milli Strandvegar og nýrrar byggðar í Gufunesi, sjá afmörkun svæðisins á mynd 1.[1] Fornleifaskráningin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna deiliskipulagsgerðar.

Skráningin er unnin eftir kröfum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa fyrir gerð deiliskipulags í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.[2] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2704**. Vettvangsrannsókn fór fram 24. og 28. júní 2021.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt og áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks sem felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati. Fornleifaskráning aflar þannig aukinnar þekkingar á fornleifum og er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Október 2021<br>
María Karen Sigurðardóttir<br>
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna<br>
Borgarsögusafni Reykjavíkur

[1] *Gufunes - samgöngutengingar. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag vegna nýrra samgöngutenginga úr Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi*. Dagsett 19. mars 2021. Umhverfis- og skipulagssvið.
[2] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013. *Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda* nr. 620/2019.

# 1. Saga svæðisins

Hér fer á eftir umfjöllun um deiliskipulagssvæði sem nefnt er „Gufunes - samgöngutengingar".[3] Fyrirhugaðar eru nýjar samgöngutengingar við nýlegt skipulagssvæði í Gufunesi, áfanga 1, bæði aksturs- og stígatengingar við Strandveg. „Deiliskipulagssvæðið liggur á milli Strandvegar/ Rimahverfis og nýrrar byggðar í Gufunesi, auk grænna svæða og strandarinnar til norðurs,"[4] sjá afmörkun á mynd 1.




*Mynd 1. Afmörkun á deiliskipulagssvæðinu Gufunes - samgöngutengingar.*

## 1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem nú er til umfjöllunar tilheyrði jörðunum Gufunesi og Eiði, að stærstum hluta Gufunesi en norðaustasti parturinn Eiði, en nafn jarðarinnar dregið af eiði norðaustan við bæinn sem tengir Geldinganes við land og fór í kaf þegar flæddi að.

Á skráningarsvæðinu eru tveir malarhjallar með lágum grjóthólum. Annar, sá hærri, liggur eftir úttektarsvæðinu með Strandveginum norðan frá *Klapparnefi* við sjó til suðsuðvesturs með lágum grjóthólum. Vestan undir nokkrum þeirra eru ummerki eftir hersetuna, skotgrafir og byssustæði. Hinn liggur neðan og vestan við hjallann frá bæjarstæði Eiðis til suðvesturs að nýlegri blokk við Gufunesveg 11. Við strandlengjuna nyrst á svæðinu eru uppfyllingar og hafnarmannvirki á svæði sem hefur verið notað sem athafnasvæði síðastliðin fimmtíu ár. Syðst á svæðinu er sorpuppfylling.
Á hærri hjallanum suður af bæjarstæði Eiðis er *Hallsteinsgarður*, með sextán höggmyndum úr áli eftir Hallstein Sigurðsson, sem nær að Gamla Gufunesveginum (265-16). Sunnan við hann er sorpuppfylling, neðan við hjallann að Gufunesvegi.

---

[3] Gufunes - samgöngutengingar. Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag vegna nýrra samgöngutenginga úr Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi. Dagsett 19. mars 2021. Umhverfis- og skipulagssvið.
[4] Tillaga að deiliskipulagi. Gufunes – samgöngutengingar. Greinargerð dags. 24. júní 2020. Reykjavíkurborg. Verkís.




*Mynd 2. Örnefni á jörðunum Gufunesi og Eiði á og við deiliskipulagssvæðið.*




*Mynd 3. Landamerki lögbýlanna eins og þau voru árið 1703. Skástrikuð svæði eru uppfyllingar.[5] Þarna má líka sjá útlínur Gufunesgranda á milli Gufunesvogs og Lóns áður en svæðið var fyllt af sorpi.[6]*

[5] Samsett kort úr kortagrunni Landsupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR) og Lögbýli í Rvk. 1703.
[6] Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, bindi 4, bls. 6.

## 1.2 Jörðin Gufunes

Elstu heimildir um Gufunes er að finna í Landnámu, bæði í Hauksbók og Styrmisbók. Bækur þessar eru samhljóða um landnámsmanninn Ketil gufu Örlygsson, ætt hans og mægðir. Þó er Hauksbók fyllri um búsetu hans en þar segir: „Ketill ... kom út síð landnámatíðar; hann hafði verit í vestrvíking ... Ketill tók Rosmhvalanes; sat hann þar hinn fyrsta vetr at Gufuskálum, en um várit fór hann inn á Nes ok sat at Gufunesi annan vetr. ... Ketill fekk engan bústað á Nesjum, ok fór hann inn í Borgarfjörð at leita sér at bústað ok sat inn þriðja vetr á Gufuskálum við Gufá.“[7]
Fáar eða engar heimildir eru um Gufunes næstu aldirnar. Kirkja hefur verið sett í Gufunesi fyrir 1180 og helguð Maríu Guðsmóður því það ár er kirkjunni settur máldagi af Þorláki biskupi Þórhallssyni. Í máldaganum segir meðal annars:

> „Mariu kirkia a gufunesi a xx c i lande oc kyr .ij. kross oc kluckur. silfr calec oc messo fot. tiolld vm hverfis. alltara klæþe .iij. Vatn ker. gloþa ker oc elldbera. slopp oc munnlogar .ij. lás oc kertta stikur .ij. Þar scal tíund heima oc af nio bæiom oc sva groptir. þar scal vera prestr oc syngia allar heimilis tiþir. ij. messor hvern dag vm langa fosto. messa hvern vigiliu dag. hvern dag vm jola fosto .ij. messor. nacqvern imbrodag a jola fosto. oc of haust. lysa fra mario messo vnz liþr paska vico.“[8]

Um 1230 er skrifað bréf um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey, „ ... sem Snorri Illugason lagði aptr.“[9] Jón Sigurðsson forseti ritaði ítarlegan inngang að bréfinu í Fornbréfasafninu. Þar segir hann að Ásgeir prestur Guðmundsson, sem var fóstri Illuga, föður Snorra, sem lagði aftur tollana, muni líklega hafa verið sá sem talinn var með helstu prestum í Sunnlendingafjórðungi árið 1143 en hann andaðist líklega um 1180. Jón segir að síra Ásgeir hafi án efa búið í Gufunesi, að minnsta kosti um hríð. Hann telur Ásgeir hafa á ofanverðri ævi sinni selt Illuga fóstursyni sínum Gufunes en eftir hans daga hafi erfingjar hans rift kaupunum.[10] Máldagi kirkjunnar hér að ofan gæti því lýst gripum og eignum kirkjunnar á ofanverðum dögum síra Ásgeirs.

Í Sturlungu er getið um deilur þeirra Snorra Sturlusonar og Magnúsar Guðmundssonar biskupsefnis um arf eftir Jórunni ríku:

> „Jórunn hin auðga hét kona, er bjó á Gufunesi. Atli hét maðr sá, er at búi var með henni. Þeir voru þrír bræður, Svartr og Eiríkr, synir Eyjólfs Óblauðssonar. Í þann tíma andaðist Jórunn ok átti engan erfingja, þann er skil væri at en hon var í þingi með Magnúsi, ok ætlaði hann sér fé hennar, en skipta frændum hennar til handa slíkt, sem honum sýndist. En er Snorri spurði þetta, sendi hann suður á nes Starkað Snorrason. En er hann kom sunnan, hafði hann með sér þann mann, er Koðrán hét, strák einn, ok kallaði Snorri þann erfingja Jórunnar, ok tók hann þat fémál af Koðráni.“[11]

Var loks gerð sætt þeirra og var landið leyst til handa Atla. Í bréfinu um tolla og ítök Gufunesinga í Viðey, sem fyrr var getið segir að:

> „ ... þá andaðist Asgeirr. oc tokv þav arf epter hann Olafr Þorvarðs son oc kona hans.“[12]

Jón Sigurðsson taldi ekki ólíklegt að sú kona hafi verið Jórunn ríka og hún hafi þá búið í Gufunesi um 1214 og andast um svipað leyti.[13]

Í sögu Árna biskups Þorlákssonar er getið Þormóðar í Gufunesi og konu hans Þóru Finnsdóttur frá Hömrum.[14] Þau hjón hafa líklega verið fædd um aldamótin 1200 og búið í Gufunesi einhvern tíma fyrir miðbik þrettándu aldar. Í máldaga um veiði í Elliðaám frá því um 1235 er nefndur Þormóður Svartsson og mun hann líklega vera þessi Þormóður.[15]

---

[7] Jakob Benediktsson: *Íslendingabók og Landnámabók*, bls. 166-167.
[8] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857-1950, bls. 269.
[9] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857-1950, bls. 496.
[10] *Íslenzkt fornbréfasafn,* I. bindi, 1857-1950, bls. 496.
[11] *Sturlunga saga*, I. bindi, bls. 268-269.
[12] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, 1857-1950, bls. 497.
[13] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, 1857-1950, bls. 497.
[14] *Biskupasögur*, I. bindi, 1858.
[15] *Íslenzkt fornbréfasafn*, I. bindi, bls. 511-513.

Lítið fer fyrir Gufunesi í heimildum fyrr en við siðaskipti. Þá er jörðin komin í konungseign og er hennar getið í fógetareikningum á þessum tíma. Tvíbýli hefur verið í Gufunesi á árunum 1548-1553 en þá er ein leigukýr Bessastaðamanna hjá Lofti, ábúanda í Gufunesi og ein hjá Gissuri á sama stað.[16]




*Mynd 4. Kort frá árinu 1909 sem sýnir staðsetningu bæjanna Gufuness, Eiðis og Knútskots. Götur sem lágu á milli bæjanna eru merktar með svörtum línum en vagnavegir eru með tvöföldum línum, eins og Mosfellssveitarvegur sem síðar verður Vesturlandsvegur.*[17]

Kirkjunnar í Gufunesi er getið í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar og gripir hennar og eignir taldar upp en þeim hafði fækkað mjög síðan fyrir siðaskipti.[18] Í Jarðabókinni er Gufunes kirkjustaður og annexía frá Mosfelli. Sigurður lögréttumaður Högnason bjó þá á allri jörðinni. Landskuld jarðarinnar var að því er virðist níutíu álnir. „Kúgildi kirkjunnar voru tvö, hálfum leigum galt hann presti en hélt hinum helmingnum, en leigukúgildi var ekkert. Kvikfénaður Sigurðar var tíu kýr, ein kvíga veturgömul, tíu ær með lömbum, einn sauður tvævetur, átta veturgamlir, tveir hestar, eitt hross og tveir folar tvævetra. Jörðin gat fóðrað átta kýr, eitt ungneyti og tíu lömb, en heimilismenn voru átta. Hlunnindi bæði jarðar og kirkju voru góð“.[19]

[16] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XII. bindi, bls. 137.
[17] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[18] *Íslenzkt fornbréfasafn*, XV. bindi, bls. 636.
[19] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 300-303.




*Mynd 5. Túnakort var gert af Gufunesi árið 1916, þá var húsum á hlaðinu gefið númer frá 1 til 4. Vegurinn heim að bænum lá úr austri á sömu slóðum og gamli Gufunesvegurinn er nú.*[20]

Hjáleigur eru skráðar fjórar í Jarðabókinni. Fyrsta hjáleiga er nafnlaus, en þar bjó þá Jón Knútsson, hugsanlega er það *Knútskot*. Önnur er *Brandskot,* þar var ábúandi Guðbrandur Tómasson. Þriðja var *Holkot*, þar var ábúandi Jón Arason. Fjórða var *Helguhjáleiga*, þar voru ábúendur tveir, Helga Ólafsdóttir sem bjó á hálfri en Margrét Þorsteinsdóttir á hinum helmingnum.[21] Ekki er vitað hvar þessar hjáleigur voru nákvæmlega, nema Knútskot, og hugsanlega Helguhjáleiga en þær voru aflagðar um 1847. Gufunesjörðin átti landamerki að Keldum, Korpúlfsstöðum og Eiði.

Í Jarðabók Árna og Páls er jörðin metin og henni lýst og kemur þar fram að engjar eru litlar eða engar og úthagi í lakasta lagi. Landþröng var þá mikil en laxveiði átti kirkja þriðja hvern dag í Korpúlfsstaðaá. Eggver var nokkurt í sjávarhólma (Fjósaklettum), auk þess voru sölva- og skelfiskfjara nokkur talin til kosta.[22]

Árið 1752 var fluttur úr Viðey í Gufunes svonefndur spítali sem mun hafa verið nokkurs konar gamalmennahæli. Spítalinn var lagður niður 1793.[23] Í Jarðabók Johnsens er Knútskot eina hjáleiga jarðarinnar. Jörðin var seld skömmu fyrir 1800, en Bjarni Thorarensen skáld bjó í Gufunesi á árunum 1816-1833 er hann gegndi dómarastarfi í Landsyfirréttinum.

Kirkja var í Gufunesi frá 13. öld til 1886 en með landshöfðingjabréfi dagsettu 21. september 1886 voru Mosfells- og Gufunessóknir sameinaðar og ákveðið að reisa eina kirkju fyrir báðar sóknir að Lágafelli.[24] Staðsetning gömlu kirkjunnar glataðist með tímanum og var því skipulag um staðsetningu bygginga Áburðarverksmiðjunnar ekki gert með tilliti til legu kirkjugarðsins.[25] En á túnakorti frá árinu 1916 (mynd 5) er grafreitur (265-10) merktur inn sunnan við þáverandi bæ (265-1). Staðsetning gamla kirkjugarðsins kom svo í ljós 28. júní 1965 á öðrum stað en áætlað hafði verið, þegar unnið var við jarðvinnu í næsta nágrenni við grunn nýbyggingar. Framkvæmdir voru stöðvaðar

[20] Þjóðskjalasafn: Túnakort. Gufunes 1916.
[21] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 300-303.
[22] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 300-303.
[23] *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96.
[24] Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófasta á Íslandi*. I. bindi, bls. 112.
[25] Jón Magnússon Stardal. Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968.

og þáverandi þjóðminjavörður, Kristján Eldjárn, kom strax á staðinn ásamt biskupi og fleirum. Þremur árum síðar, eða í apríl 1968, tilkynnti svo biskup Íslands, Sigurbjörn Einarsson, að moldir garðsins yrðu fluttar, með ákveðnum skilyrðum. Í ágúst sama ár var hafist handa við að flytja beinin undir stjórn Jóns Magnússonar bónda og verkstjóra frá Stardal sem skrifaði skýrslu um framkvæmdina og lauk verkinu 3. október 1968.[26] Við uppgröftinn komu upp 768 mannabein eða höfuðkúpur. Beinin voru sett í 125 eins kassa og voru jarðsett í nýjum kirkjugarði sunnar í túninu, nema bein Páls Jónssonar sem flutt voru til vörslu á Þjóðminjasafnið. En undir lokfjöl einnar kistunnar lá silfurskjöldur áletraður „Páll Jónsson sýslumaður, Elliðavatni, settur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu 1801-1803, dáinn 1819.“ Kistuleifar, sem voru ekki annað en fjalabútar, voru látnar fylgja kössunum og raðað á botninn undir þá.[27] Árið 1970 var nýi kirkjugarðurinn hlaðinn upp samkvæmt hönnun Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts, en Gísli B. Björnsson grafískur hönnuður og Sigurður Helgason steinsmiður önnuðust gerð og frágang á minnismerki.[28] Gamli kirkjugarðurinn, sem grafinn var upp, líktist ávölum hólma vestast við syðstu áburðarskemmurnar, 40 x 38 m að stærð og um 1,8-2 m á hæð, og var slétt móhelluklöpp undir.



*Mynd 6. Unnið að uppgrefti á beinum í gamla grafreitnum (265-3) árið 1968. Hægra megin á myndinni sér í það hús sem er Geymsla 4 og er nú flokkunarstöð Íslenska gámafélagsins.*[29]

Í skjölum um þessa færslu á beinum koma engar upplýsingar fram um að kirkjan sem lögð var af 1886 hafi fundist við framkvæmdirnar, en altari úr henni hefur varðveist. Það barst að Úlfarsfelli eftir að kirkjan í Gufunesi var aflögð. Þar var það lengi notað sem búrskápur, þar til séra Hálfdán Helgason á Mosfelli rakst á það og flutti heim að Mosfelli og notaði það við hjónavígslur. Síðar var það flutt að Reykjalundi og gert upp og er notað þar við guðsþjónustur.

Túnakort var gert af jörðinni árið 1916. Tún töldust þá „... 10,6 h. (34d). Meirihluti túnsins sléttaður fyrir nokkrum árum (F. F.), jaðar við sjó sléttaður. Blettir eru kargaþýfðir utarlega, og roturnar [fúnir graslausir blettir] eru með flögum í flestum þúfum.“ Kálgarðar mældust þá 1240 m$^2$, en þá voru aðeins 400 m$^2$ í notkun það árið, mynd 4. Árið 1922 voru tún mæld upp aftur af Valtý Stefánssyni, vegna fyrirhugaðra skurða, mynd 7.

Bæjarsjóður keypti jörðina árið 1924, ásamt Eiði og Knútskoti. Landsími Íslands lét reisa fjarskiptastöð á Gufunesmelum, þegar verið var að koma á talsambandi við útlönd 1935. Síðustu

[26] Jón Magnússon Stardal. Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968.
[27] Jón Magnússon Stardal. Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968.
[28] Um Kirkjugarðinn í Gufunesi 15. september 1978. HF/ke Áburðarverksmiðja ríkisins.
[29] Ljósmyndari Kristján Eldjárn, mynd: Skg-3134, Gufunes, færsla beina 1968, Þjóðminjasafn Íslands.

ábúendurnir í Gufunesi voru hjónin Þorgeir Jónsson og Guðný Guðlaugsdóttir en þau fluttu í Gufunes frá Viðey 1938. Þorgeir var landsþekktur glímukappi og hestamaður.[30]



*Mynd 7. Kort sem sýnir byggingar og ræktun í Gufunesi, Eiði og Knútskoti árið 1922. Kornakur er merktur norðan við bæinn nálægt ströndinni, auk þess hvar var að finna flög, sléttur og mógrafir.*[31]

[30] Atli Magnússon: *Þorgeir í Gufunesi*, bls. 100.

[31] Valtýr Stefánsson, 1922, kort af Gufunesi, með Knútskoti og Eiði, gert vegna fyrirhugaðrar skurðagerðar árið 1922. Kortasafn Borgarsögusafns.

Á hernámstímanum hafði herinn aðsetur í Gufunesi og reis þá braggahverfi norðvestan við bæinn, sjá mynd 8.



*Mynd 8. Gufunes á hernámstímanum, hernaðarmannvirki voru norðvestur af fjárhúsunum.*[32]

Áburðarverksmiðja var byggð fyrir austan bæinn árið 1952.[33] Byggingarframkvæmdir við hana höfðu mikil áhrif á allt sem fyrir var. Flytja þurfti kirkjugarðinn og bærinn var byggður upp á nýjum stað 1954, eftir að verksmiðjan var komin í rekstur. Nýi bærinn stendur enn við fyrrum Gufunesvog en mun sunnar en sá gamli og þar er nú rekin frístundamiðstöðin Gufunesbær á vegum Reykjavíkurborgar. Hætt var að framleiða áburð í verksmiðjunni árið 2001 eftir öfluga sprengingu sem þá varð í efnaverksmiðjunni.[34] Í Gufunesvogi voru sorphaugar Reykjavíkur til langs tíma og var vogurinn þá fylltur upp með sorpi og hefur sú uppfylling breytt ásýnd umhverfisins mjög mikið.

[32] Landmælingar Íslands: AMS loftmynd, 1946, Nr. 9/10007/2-1.
[33] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi (A-G), bls. 185-186.
[34] *Morgunblaðið*, 3. 11.2001, bls. 6.



*Mynd 9. Gufunes um 1955, síðasti bærinn, útihús og braggi í forgrunni og Áburðarverksmiðjan í baksýn.* [35]



*Mynd 10. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi 1966, gamli bærinn og útihúsin standa þá enn fyrir vestan verksmiðjuna.* [36]

[35] Atli Magnússon: *Þorgeir í Gufunesi*, bls. 64.
[36] Ljósmynd, höf. ók. (PVB. Ábs 2002).

## 1.3 Eiði

Við Geldinganes stóð smábýlið Eiði austur af Gufunesi og norðvestur frá Korpúlfsstöðum. Nafnið er að sjálfsögðu dregið af rifinu sem tengir Geldinganes við land. Vestur af rifinu er *Eiðsvík*.[37]

Um upphaf búskapar á jörðinni er lítið vitað, en í elstu rituðu heimildum um jörðina er hún orðin eign Viðeyjarklausturs. Í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs frá árinu 1313 segir „...ij c leiga: ok helmingar sad: med landi kyr ok vj ær.“[38] Leigan var síðan sú sama árið 1395.[39]

Eiði verður síðan eign konungs við siðaskiptin. Í fógetareikningum frá árunum 1547-52 koma fram leigugjöld jarðarinnar til konungs: „Jtem med Eijde ij legekiör.vj for. lansskyldt x öre. ij lege vj förenger smör dt. oc thenne landskyldt tog Morthen smedt ij sijt kop.“ Leigan er nánast eins öll árin.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir að jörðin sé konungsjörð. Ábúendur voru til helminga Ólafur Grímsson og Magnús Grímsson. Landskuld jarðarinnar var að því er virðist fjörutíu álnir. Leigukúgildi voru þrjú, eitt og hálft hjá hvorum. Kvikfénaður Ólafs voru fjórar kýr, einn kálfur og tveir hestar. Hjá Magnúsi þrjár kýr og eitt hross. Jörðin gat fóðrað sex kýr naumlega. Heimilismenn voru fimm hjá Ólafi og fjórir hjá Magnúsi.[40] Engar hjáleigur voru skráðar á jörðina. Hlunnindi jarðarinnar 1703 voru torfrista og stunga sem voru næstum eydd, mótorf næstum þrotið, fjörugrastekja lítil, rekavon nokkur, sölvafjara erfið, hrognkelsafjara nokkur, og marhálmur nokkur. Heimræði var árið um kring meðan fiskur gekk inn á sundin. Sjór braut tún jarðarinnar svo mikið að tjón var af, engjar voru engar, flæðihætt var fyrir sauðfé, vatnsból talið slæmt og vildi oft bregðast.[41]

Árið 1752 var fluttur úr Viðey í Gufunes spítali sem mun hafa verið nokkurs konar gamalmennahæli. Þá var Eiði lagt til spítalans, og þar haldið þeim skepnum sem konungsfálkar voru fóðraðir á. Spítalinn var lagður niður 1793.[42]

Samkvæmt Jarðatali Johnsens frá 1846 var Eiði í einkaeign. Dýrleiki var metinn á rúm 16 hundruð, landskuld var 60 álnir og ábúandi einn leiguliði.[43]

Um 1840 var jörðin seld með Geldinganesi, en hún hafði þá lengi fylgt Gufunesi og verið nytjuð þaðan. Árið 1924 keypti bæjarstjórnin Gufunes ásamt meðfylgjandi jörðum. Var það ekki síst til að koma í veg fyrir að upp risi togaraútgerð á landi í einkaeign rétt utan við mörk Reykjavíkur eins og þau voru þá, en hugmyndir höfðu verið uppi um slíkt. Árið 1926 sökk togarinn Íslendingur í Eiðsvík en honum hafði þá verið lagt þar. Í skipaskortinum í síðari heimstyrjöldinni, árið 1942, var í það ráðist að ná Íslendingi upp og tókst það. Var þá ærið fjölskrúðugt sædýralíf í skipsskrokknum. Íslendingur var síðan lagfærður og gerður út um skeið.[44]

Á fyrri hluta 20. aldar efndi Sjálfstæðisflokkurinn árlega til útiskemmtunar á Eiði. Samgöngur við staðinn voru þá nær allar á sjó og voru Reykvíkingar fluttir á fjölda smábáta úr Reykjavíkurhöfn að Eiði, en þar var sjálfgerð bryggja frá náttúrunnar hendi.[45]

---

[37] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 118.
[38] *Íslenzkt fornbréfasafn*: II. bindi, bls. 377.
[39] *Íslenzkt fornbréfasafn*: III. bindi, bls. 598.
[40] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 306-307.
[41] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 3. bindi, bls. 306-307.
[42] *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96.
[43] *Jarðatal á Íslandi*, bls. 96.
[44] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 118.
[45] Páll Líndal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 1. bindi, 118.




*Mynd 11. Túnakort af Eiði gert 1916. Kortið sýnir staðsetningu húsa, auk þess tröð og tún.*[46]

Á síðari hluta 20. aldar var Geldinganes nýtt sem beitiland af hestamannafélaginu Fáki. Nú er það að gróa upp. Áður fyrr varð að gæta flóðs og fjöru til að komast út í nesið. Samhliða grjótnámi í nesinu var lagður vegur eftir eiðinu þannig að fært er þangað óháð sjávarföllum.

[46] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort. Eiði 1916.

## 2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi. Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[47]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
>
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> **b.** vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
>
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

[47] Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

**d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

**e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

**f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

**g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

**h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

**i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið með skráningu menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2021) eru um 3.800 minjastaðir skráðir.

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks sem felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati. Fornleifaskráning aflar þannig aukinnar þekkingar á fornleifum og er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer fengið úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Gufunes 265-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.[48] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2704**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við

[48] Minjastofnun Íslands: *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013. Lög um menningarminjar 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.

á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.[49]

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1930. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit.* Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

*Tafla 1. Aldursflokkun minja.*

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar 100 ára og eldri | ● Rauður |
| 2 | Minjar frá 1922-1930 | ● Gulur |
| 3 | Minjar frá 1931 og yngri | ● Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |

Vettvangsrannsókn fór fram 24. og 28. júní 2021 og minjar voru mældar upp með landmælingatæki, Trimble TDC150, kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

# 4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á deiliskipulagssvæðinu „Gufunes – samgöngutengingar", sjá afmörkun á mynd 1. Minjar eru skráðar undir jarðirnar Gufunes og Eiði. Fornleifaskráningin byggir að hluta til á eldri skráningum:

- Guðmundur Ólafsson og fl.: Þjóðminjasafn Íslands fornleifaskráning 1985, óbirt.
- Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrsla nr. 46. Árbæjarsafn. Reykjavík, 1995.
- Heimildaskráning í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Birna Gunnarsdóttir og Gunnar Bollason, skráð í Menningarsögulegan gagnagrunn Sarp, 1999-2000.
- Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots*. Skýrsla nr. 115. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík, 2004.
- Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu*. (2008). Skýrsla nr. 139. Minjasafn Reykjavíkur. Reykjavík, 2008.
- Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags 1. áfanga við Gufunes*. Skýrsla nr. 188. Borgarsögusafn Reykjavíkur. Reykjavík, 2018.

[49] Vefur: Borgarvefsjáin. Vefslóð: http://borgarvefsja.is.




*Mynd 12. Fornleifar, mannvirki og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu Gufunes – samgöngutengingar.*[50]

[50] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Sjá Borgarvefsjá: http://borgarvefsja.reykjavik.is/

# Gufunes 265-16 Gamli Gufunesvegurinn

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-16** | Gamli Gufunes-vegur | Vegur, tröð | Vegur | 1900- | 363344 | 408573 | 443 | 3,5 | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Gamli Gufunesvegurinn lá í austur frá bæjarstæði Gufuness og upp á Gufunesmela, bæjartröðin sjálf er horfin vegna framkvæmda og bygginga en vegurinn er enn á sama stað. Hann liggur frá skrifstofubyggingu gömlu Áburðarverksmiðjunnar, sem nú telst Gufunesvegur 17, í austur að brekkurótum að afleggjara sem lá að starfsmannabústöðum verksmiðjunnar (265-55) Þaðan liggur óbreyttur malarvegur áfram austur og upp brekkuna að nýlegum áningar- og útsýnisstað við Strandveg. Vegurinn var í notkun þar til um 1950 þegar Áburðarverksmiðjan var reist á túnum Gufuness. Vegurinn er teiknaður á herforingjaráðskort frá 1909[51] sem gata eða slóði frá Gufunes-bænum norðan við Keldnaholt að Mosfellssveitarvegi (263-45), sjá mynd 4. Hluti af veginum, um 370 m, er teiknaður á túnakort Gufuness frá 1916, sjá mynd 5.[52]
**Lýsing:** Vegurinn er malbikaður þaðan sem áður var aðalinngangur Áburðarverksmiðjunnar til austurs að brekkurótum, þar sem starfsmannahúsin stóðu. Þaðan liggur hann austur og upp brekkuna sem óbreyttur malarvegur, um 3 m á breidd, með upphlöðnum köntum og grjótpúkki.



*Mynd 13. Gamli Gufunesvegurinn (265-16), horft til vesturs niður brekkuna frá Gufunesmelum að húsum Áburðarverksmiðjunnar. Vegurinn er óbreyttur malarvegur í brekkunni en malbikaður frá afleggjaranum að starfsmannahúsunum (265-55).*

[51] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.
[52] Þjóðskjalasafn Íslands: Túnakort, Gufunes 1916.

# Gufunes 265-28 Byssustæði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-28** | | Byssustæði | Niðurgröftur | 1940 | 363663 | 408732 | 5,6 | 5,6 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á Gufunesmelum, neðan og norðvestan við lágan grjóthól á malarhjalla sem liggur norðan frá Klapparnefi til suðvesturs með Strandveginum, 150 m austan við Gufunesveg 11 og 214 m vestur af Strandvegi, eru ummerki frá tímum hersetunnar: skotgröf (265-29) og byssustæði (265-28). Byssustæðið er norðaustan við grjóthólinn ofan við skotgröfina (265-29) sem liggur í sveig neðan við grjóthólinn með uppmokuðum grjótgarði fyrir framan. Áður voru þessi mannviki talin stekkur og rúst.[53]
**Lýsing:** Byssustæðið er lítillega niðurgrafinn, sléttur flötur með lágum köntum í kring.




*Mynd 14. Byssustæði (265-28) og skotgröf (265-29) við lágan grjóthól á malarhjalla á Gufunesmelum.*




*Mynd 15. Byssustæði (265-28) og skotgröf (265-29), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 16. Byssustæði (265-28), horft til vesturs.*

[53] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls.164.

# Gufunes 265-29 Skotgröf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-29** | | Skotgröf | Grjótgarður | 1940 | 363649 | 408727 | 30 | 3 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á Gufunesmelum, neðan og norðvestan við lágan grjóthól á malarhjalla sem liggur frá Klapparnefi til suðvesturs með Strandveginum, 150 m austan við Gufunesveg 11 og 214 m vestur af Strandvegi, eru ummerki frá tímum hersetunnar: skotgröf (265-29) og byssustæði (265-28). Skotgröfin liggur í sveig fyrir neðan grjóthólinn en byssustæðið er norðan við hann. Áður voru þessi mannviki talin stekkur og rúst.[54]

**Lýsing:** Skotgröfin liggur í sveig neðan við grjóthólinn, Skotgröfin er grafin inn í brekkuna en uppmokaður grjótgarður liggur í sveig fyrir framan hana, 30x4 m, sjá teikningu og ljósmynd við skráningu (265-28).



*Mynd 17. Skotgröf (265-29) norðvestan undir lágum grjóthól á malarhjalla, horft til norðausturs.*

[54] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls.164.

# Gufunes 265-30 Skotgröf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-30** | | Skotgröf | Herminjar | 1940 | 363783 | 408785 | 23 | 3,3 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á Gufunesmelum, við lágan grjóthól norðan við eitt af listaverkunum í Hallsteinsgarði, í brekkubrún um 100 m frá Strandvegi og norðvestur frá Dofraborgum 17-19. Áður var þetta mannviki talin stekkur.[55]
**Lýsing:** Skotgröfin er grafin inn í brekkuna en uppmokaður grjótgarður liggur í sveig fyrir framan hana. Uppgröfturinn er um 22 m á lengd, 1-1,5 m breidd og 0,5 m hæð. Svæðið er vel gróið.



*Mynd 18. Skotgröf (265-30), horft til norðausturs.*




*Mynd 19. Skotgröf (265-30) á nýlegri loftmynd, teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 20. Skotgröf (265-30) norðvestan undir lágum grjóthól á malarhjalla, horft til suðvesturs.*

[55] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995*, bls.164.

# Gufunes 265-40 Stekkur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-65** | | Stekkur | Heimild | 1900 | 363476 | 408414 | 40 | 20 | Ómetið | Horfið |

**Staðhættir:** Á AMS loftmynd frá árinu 1946[56] má greina hleðslur á tveimur stöðum austan við túngarð (265-71) Gufuness þar sem nú er uppfylling milli Gufunesvegar og Strandvegar. Túngarðurinn lá með brekkurótum undir Gufunesmelum norðan frá Eiðsvík við Básа til suðurs að Knútskoti. Mannvikið gætu hafa verið stekkir eða réttir.
**Lýsing:** Horfinn. Austan við túngarðinn var stekkur eða rétt, stærð 40x20 m, op var í suður, horfið.




*Mynd 21. Gufunes árið 1946, austarlega á myndinni (t.h.) sést túngarður (265-71) sem liggur með brekkurótum og tveir stekkir (265-40 og 41) austan við hann.*[57]

# Gufunes 265-41 Stekkur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-41** | | Stekkur | Heimild | 1900 | 363487 | 408335 | 25 | 9 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á AMS loftmynd frá árinu 1946[58] má greina hleðslur á tveimur stöðum austan við túngarð (265-71) Gufuness, þar sem nú er uppfylling milli Gufunesvegar og Strandvegar. Túngarðurinn lá með brekkurótum undir Gufunesmelum norðan frá Eiðsvík við Básа til suðurs. Hleðslurnar gætu hafa verið stekkir eða réttir. Stekkur (265-41) er um 30 m fyrir sunnan stekk (265-40) undir hlíðinni, austan og sunnan við túnin.
**Lýsing:** Horfinn. Stekkurinn hefur verið hlaðinn upp að túngarði (265-71) sem myndar vesturhlið hans, sjá mynd við skráningu (265-40).

56 Landmælingar Íslands: Loftljósmynd AMS100721010, 1946 08 30.
57 Landmælingar Íslands: Loftljósmynd AMS100721010, 1946 08 30.
58 Landmælingar Íslands: Loftljósmynd AMS100721010, 1946 08 30.

# Gufunes 265-65 Skotgrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-65** | | Skotgrafir | Niður-gröftur | 1940 | 363690 | 408665 | 3 | 3 | Gott | Nei |



*Mynd 22. Fremst er ein af þremur litlum hringlaga skotgröfum (265-65), sú í miðjunni, sem eru vestan undir malarhjalla. Sú nyrsta er undir lágum grjóthól sem sést fjær.*




*Mynd 23. Þrjár skotgrafir (265-65), teiknaðar eftir uppmælingu.*

**Staðhættir:** Þrjár skotgrafir, allar skráðar undir sama númer, eru neðan undir malarhjalla sem liggur frá Klapparnefi við Eiðsvík til suðvesturs með Strandveginum, um 125 m ofan og austan við Gufunesveg 4 þar sem áður voru starfsmannahús (265-55) Áburðarverksmiðjunnar. Þær eru hluti af ummerkjum eftir hersetuna sem finna má víða á Gufunesmelum, skotgröfum og byssustæðum.
**Lýsing:** Skotgrafirnar eru grasigrónar, niðurgrafnar 20-30 cm, með uppmokstri í kring, vel greinilegar þegar að þeim er komið. Nyrsta skotgröfin er undir grjóthól á malarhjallanum, um 3 m í þvermál. Sú sem er í miðjunni er 22 m suðvestur af henni, um 1,7 m í þvermál og sú syðsta er 44 m suðvestur af henni undir grjótskriðu, um 3 m í þvermál.



*Mynd 24. Nyrsta skotgröfin af þremur (265-65) undir grjóthól á malarhjalla ofan við Gufunesveg.*



*Mynd 25. Syðsta skotgröfin af þremur (265-65) undir malarhjalla ofan við Gufunesveg.*

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Gufunes 265-66 Skotgröf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-66** | | Skotgröf | Garðlag | 1940 | 363590 | 408502 | 19 | 4 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Sunnarlega á Gufunesmelum, um 90 m vestan við gatnamót Strandvegar og Borgarvegar, er skotgröf, ummerki frá tímum setuliðsins.
**Lýsing:** Skotgröfin er ílöng og liggur í sveig neðan og vestan við grjóthól, uppmokaður jarðvegur myndar garðlag, 19x4 m, gróið grasi og lyngi.



*Mynd 26. Skotgröf (265-66), horft til norðurs niður á skotgröfina.*




*Mynd 27. Skotgröf (265-66), garðlag teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 28. Skotgröf (265-40) liggur meðfram grjóthól, horft til suðvesturs.*

# Gufunes 265-67 Byssustæði og tvær skotgrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-67** | | Byssustæði, skotgrafir | Niður-gröftur | 1940 | 363596 | 408445 | | | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á Gufunesmelum, um 25 m vestan við Strandveginn og 90 m vestur af Stararima 16-20 er byssustæði og tvær litlar skotgrafir, ummerki frá tímum setuliðsins. Byssustæðið er suðvestan undir grjóthólnum, 5m suðvestur frá byssustæðinu er lítil skotgröf og önnur er 15m suðurvestur af henni.
**Lýsing:** Byssustæðið er lítillega niðurgrafið sléttað svæði, 6x4m, með aðeins hærri köntum, mosa- og grasivaxið. Skotgrafirnar eru hringlaga, niðurgrafnar og mokað upp í kring, um 2 m í þvermál, grasivaxnar.




*Mynd 29. Byssustæðið er efst við grjóthólinn og skotgrafirnar neðan og suðvestan við (265-67), horft til norðnorðausturs.*




*Mynd 30. Byssustæði (265-67) og tvær skotgrafir, teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 31. Byssustæði við grjóthól og tvær litlar skotgrafir (265-67) í brekkunni fyrir neðan, horft til norðvesturs.*

# Gufunes 265-68 Vatnsgeymir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-68** | | Vatnsgeymir | Heimild | 1952-2009 | 363680 | 408596 | 16 | 12 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Steyptur vatnsgeymir var á Gufunesmelum þar sem nú er suðvesturendi Hallsteinsgarðs, norðan við þar sem nú er vatnshani við útsýnis- og áningarstað. Vatn fyrir Áburðarverksmiðjuna var geymt í þessum steypta geymi, en vatnið kom úr Úlfarsá. Þegar verksmiðjan hætti að nota þennan geymi, voru gerðar dyr á hann og hann notaður til bílaviðgerða, var rifinn um 2009. Pípa sem lá frá honum til vesturs er ennþá í brekkunni niður af. Sjá má geyminn á mynd við skráningu (265-69).
**Lýsing:** Horfinn. Geymirinn var steyptur, um 16x12 m að flatarmáli og um 3 m á hæð.



*Mynd 32. Pípa sem lá frá vatnsgeyminum (265-68) á Gufunesmelum í brekkunni fyrir neðan, horft til vesturs.*

## Gufunes 265-69 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-69** | | Útihús | Heimild | 1975 | 363516 | 408512 | 21 | 9 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Sunnan við gamla Gufunesveginn og starfsmannahúsin voru tvö bárujárnsklædd útihús.
**Lýsing:** Horfin.



*Mynd 33. Horft í austur að fjórum starfsmannahúsum sem stóðu við Gufunesveg og sunnan við þau eru tvö útihús (265-69). Uppi á melnum er vatnsgeymir (265-68) sem var notaður fyrir verksmiðjuna og pípa frá honum.*[59]

## Gufunes 265-70 Útihús

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-70** | | Útihús | Heimild | 1970 | 363511 | 408354 | 7 | 6 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Útihús sem sést á loftljósmynd frá 1975.[60]
**Lýsing:** Horfið.

## Gufunes 265-71 Túngarður

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-71** | | Túngarður | Heimild | 1850 | 363449 | 408505 | 720 | 1 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Eystri túngarður Gufuness lá frá Eiðsvík við Básа til suðurs með brekkurótum við Gufunesmela að Knútskoti. Austan við túngarðinn voru tveir stekkir (265-40 og 265-41). Sjá kort af Gufunesi frá 1922 á mynd 7 og mynd 21 við stekk (265-40).
**Lýsing:** Horfinn. Mæld lengd á túngarði á loftmynd er um 720 m.

[59] Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 365 ÁBU 005 002 2-4 Gunnar V. Andrésson, hluti úr stærri mynd sem tekin var í júlí 1981.
[60] LUKR: Loftljósmynd frá árinu 1975.

# Gufunes 265-72 Gata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **265-72** | | Gata | Gata | 1800- | 363859 | 408731 | | | Sæmilegt | Að hluta |

**Staðhættir:** Gata lá á milli Knútskots og Eiðis. Leiðin er merkt inn á Herforingjaráðskort frá árinu 1909.[61] sjá mynd 4. Gatan lá þar sem nú er Strandvegur norður að gatnamótum við Borgarveg en þar sveigði hún upp á Gufunesmela og lá eftir þeim langleiðina að bæjarstæði Eiðis og endaði 50 m vestan og ofan við bæinn. Hluti af götunni er sýnilegur norðarlega á Gufunesmelum og var í notkun fram eftir 20. öldinni.
**Lýsing:** Gatan er horfin við Knútskot vegna framkvæmda, en er greinileg norðar á Gufunesmelum sem malarslóði austan við Hallsteinsgarð að tóftum útihúss (267-49) og grasigróinn slóði þaðan og norðan við gangstíg þar sem hann endar 50 m ofan og vestan við Eiði.



*Mynd 34. Gata (265-72) sem lá að Eiði, malarslóði austan við Hallsteinsgarð, horft til norðausturs.*




*Mynd 35. Gata (265-72) að Eiði, malarslóði austan við Hallsteinsgarð en síðan grasi gróinn slóði við gangstíg og þangað sem gatan endar, fyrir ofan bæjarstæði Eiðis sem ber við Eiðsvík fyrir miðri mynd.*

[61] Landmælingar Íslands: Herforingjaráðskort. Reykjavík 27 N.A. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909.

# Eiði 267-8 Túngarður, landamerki

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-8** | | Túngarður, landamerki | Túngarður | 1850 | 363855 | 408801 | 130 | 2,5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Um 150 m vestan við bæjarstæði Eiðis eru garðlög, túngarður bæjarins og landamerkjagarður á milli jarðanna Gufuness og Eiðis. Þessi garður kemur ekki fram á túnakorti Eiðis frá 1916 og er því líklega eldri.
**Lýsing:** Syðsti hluti garðsins liggur á Gufunesmelum þvert yfir Hallsteinsgarð frá gamla veginum (265-72) að Eiði til norðvesturs um 65 m að litlu hamrabelti (grjóthól) á brekkubrún. Garðlagið er jarðlægt og rofið á einum stað með malbikuðum göngustíg og við hann er nýleg merking um landamerki jarðanna Eiðis og Gufuness. Um 25 m austar, neðan við hamrabeltið, heldur garðurinn svo áfram til norðurs 30 m niður brekkuna, þar sem hann endar í grjóthrúgu ofan við götuslóða (gamlan línuveg). Garðurinn er þar um 2,5 m á breidd og mest 70 cm á hæð, grasigróinn. Frá grjóthrúgunni liggur síðan yngra garðlag um 16 m til norðausturs (1960). Túngarðurinn náði áður til sjávar og er greinilegur á loftmyndum allt fram á níunda áratuginn.



*Mynd 36. Túngarður (267-8), garðlag á Gufunesmelum vestan við bæjarstæði Eiðis, horft til suðausturs að Dofra- og Tröllaborgum.*



*Mynd 37. Túngarður (267-8) Eiðis í brekku neðan og norðan við Gufunesmela. Hann endar í grjóthrúgu en frá henni liggur yngri garður til norðausturs.*



*Mynd 38. Túngarður (267-8) vestan við bæjarstæði Eiðis í brekku neðan og norðan við Gufunesmela. Hann endar í grjóthrúgu við gamlan línuveg, en frá henni liggur yngri garður til norðausturs (>1960) og rúst (267-51).*

# Eiði 267- 49 Tóft við Strandveg

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-49** | | Útihús | Tóft | 1900 | 363911 | 408778 | 6,3 | 5 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Tóft er um 15 m austan við heimtröðina (265-72) að Eiði og um 10 m norður af Strandvegi á móts við Tröllaborgir 18. Tóftin er suðaustan við lágan grjóthól. Fyrir neðan hana, norðaustanmegin, er rústalegt svæði en ekki greinilegar útlínur.
**Lýsing:** Tóftin er 6x5 m að stærð og snúa dyr í suðaustur. Veggir eru 1,8-2,0 að breidd og um 0,2-0,4 m að hæð. Rústinni hallar til suðausturs, hún er grasivaxin úr torfi og grjóti.



*Mynd 39. Tóft (267-49) við Strandveg, horft til austurs.*




*Mynd 40. Tóft (267-49), teiknað eftir uppmælingu.*



*Mynd 41. Tóft (267-49) 10 m norðan við Strandveg, horft til suðausturs að Tröllaborgum 18.*

## Eiði 267-51 Tóft og gerði

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-51** | | Tóft | Heimild | 1900 | 363847 | 408889 | 5 | 3 | Slæmt | Nei |

**Staðhættir:** Í Fornleifaskrá Reykjavíkur frá árinu 1995[62] kemur fram að á staðnum sé rúst „Um 140 m vestur af bæjarhól Eiðis. Rústin er 5x3 m og snýr austur - vestur. Veggir úr torfi og grjóti, um 1,0 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir. Rústin er illgreinanleg.“ Á sama númer er skráður garður „...63 m. L, úr grjóti og (torfi), 1,3 - 1,6 m. Br. og 0,3 - 0,4 m. H. Við N - enda garðsins, 10 m. frá enda, eru dyr eða op, 2 m. Br. 22 m. SV af S - horninu er framhald á garðinum og er hann þar 60 m. L (SSA - NNV), úr grjóti, 1,5 - 1,8 m. Br.“ Garðurinn liggur í boga, þessi garður er skráður með túngarði á númer (267-8), líklega seinni tíma upprót?
**Lýsing:** Nú, árið 2021, er rústin ekki greinanleg á þýfðu svæði, en garðurinn er sýnilegur.

## Eiði 267-66 Tvær skotgrafir

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Lengd m | Breidd m | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **267-66** | | Skotgröf | Niðurgröftur | 1940 | 363854<br>363860 | 408855<br>408857 | 2 | 2 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Tvær litlar skotgrafir eru neðan undir grjóthól á malarhjalla sem liggur frá Klapparnefi við Eiðsvík til suðvesturs. Þær eru hluti af ummerkjum eftir hersetuna sem finna má á nokkrum stöðum á Gufunesmelum; skotgrafir og byssustæði. Um 110 m norðvestur af Strandvegi, um 130 m vestur af bæjarstæði Eiðis (267-1) og 6 m austur af garðlagi (267-8).
**Lýsing:** Skotgrafirnar eru grasigrónar, niðurgrafnar um 0,4 m og mokað upp í hliðarnar.



*Mynd 42. Tvær litlar hringlaga skotgrafir (267-66) undir grjóthól á malarhjalla og 6 m austan við þær er túngarður (267-8), horft til vesturs.*




*Mynd 43. Tvær hringlaga skotgrafir (267-66), teiknað eftir uppmælingu.*

[62] Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskrá Reykjavíkur 1995.*

## 4.2 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

Á skráningarsvæðinu sem hér er til umfjöllunar eru skráðar 18 fornleifar og yngri minjar undir jarðirnar Gufunes og Eiði. Nyrst á svæðinu var athafnasvæði með landfyllingum. Eftir svæðinu liggur malarhjalli norðaustan frá *Klapparnefi* við *Eiðsgranda* í suðvestur, þar eru nokkrir klettaásar og *Gufunesmelar*. Nyrst á malarhjallanum er bæjarstæði Eiðis en syðsti hluti þess er innan úttektarsvæðisins. Þar er að finna minjar frá gamla bændasamfélaginu. Sunnar er Hallsteinsgarður, með 16 höggmyndum úr áli sem Hallsteinn Sigurðsson kom fyrir í landi Gufuness á árunum 1989 til 2012. Á hernámsárunum kom herinn sér fyrir á svæðinu og þar er að finna byssustæði og skotgrafir. Gamli Gufunesvegurinn liggur þvert yfir mitt svæðið. Syðst á svæðinu eru miklar sorpfyllingar, en þar lá áður eystri túngarður Gufunes auk tveggja stekkja.

*Tafla 2 Aldursflokkun og fjöldi skráðra minja á skráningarsvæðinu.*

| Flokkur | Tegund minja | Litur flokks | Skráðar minjar |
|---|---|---|---|
| **1** | Fornleifar 100 ára og eldri | ● Rauður | 8 |
| **2** | Minjar frá 1921-1930 | ● Gulur | 0 |
| **3** | Minjar frá 1930 og yngri | ● Grænn | 3 |
| **4** | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár | 7 |
| | | Samtals | 18 |

*Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram er það engin trygging fyrir því að ekki séu áður óþekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Leita þarf til Minjastofnunar Íslands ef raska þarf fornleifum.*

### Fornleifar á skráningarsvæðinu

Friðaðar fornleifar 100 ára og eldri eru átta talsins og af þeim er enn sjáanlegur Gamli Gufunesvegurinn (265-16). Norðar eru svo túngarður (267-8), rúst (267-49) og vegur (265-72), sem eru hluti af bæjarstæði Eiðis, sem er eitt af fáum bæjarstæðum í Reykjavík sem ekki er búið að eyðileggja með framkvæmdum. *Allar þessar minjar eru friðaðar.*

### Yngri minjar á skráningarsvæðinu

Þrjár yngri minjar eru í grænum flokki, allar skráðar eftir heimildum og nú horfnar. Helst er að nefna gamla vatnstankinn (265-68) sem tilheyrði Áburðarverksmiðjunni, þar sem nú er áningar- og útsýnisstaður.

### Herminjar á skráningarsvæðinu

Á tímum hersetunnar stóð herskálahverfið „Gufunes" norðaustan við gamla bæjarstæðið þar sem nú er malbikað plan sem var iðnaðar- og athafnalóð Áburðarverksmiðjunnar. Þar hafðist við undirfylki fótgönguliðs.[63] Á skráningarsvæðinu finnast nokkur ummerki um veru setuliðsins, bæði byssustæði og upphlaðnir veggir við skotgrafir, en á hjöllunum var gott útsýni til vesturs og norðurs og því tilvalinn staður til að fylgjast með skipaferðum á ófriðartíma. Herminjar teljast ekki til aldursfriðaðra minja en eru engu að síður mikilvægur hluti af menningarsögu Íslendinga.

[63] Þór Whithead: *Ísland í hers höndum*, bls. 124-125.

### Menningarmerkingar, tillögur

Á svæðinu eru tveir staðir sem eru tilvaldir fyrir menningarmerkingar, þar sem hægt er að rekja þróunarsögu svæðisins:

- Á áningarstað við Strandveg þar sem nú þegar eru komnar menningarmerkingar þar sem rakin er saga Gufuness.
- Suðvestan við bæjarstæði Eiðis mætti setja upp nýjan áningarstað með menningarmerkingum þar sem sögð er saga Eiðis.

# 6. Heimildaskrá

## Óprentaðar / Óútgefnar heimildir

Borgarsögusafn Reykjavíkur:
Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík:
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.
    Kortasafn.
        Kort úr safneign.
    Rafræn gögn:
        Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.
    Ljósmyndasafn Reykjavíkur:
        Ljósmyndir úr safneign.
Landmælingar Íslands:
    Korta og loftljósmyndasafn.
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Örnefnasafn Árnastofnunar: https://sarpur.is/
        Örnefnalýsingar:
            Örnefnalýsing Gufuness (nr. 181184-3).
Þjóðminjasafn Íslands:
    Jón Magnússon Stardal. Færsla á gamla kirkjugarðinum í Gufunesi 1968. Skýrsla.
    Um Kirkjugarðinn í Gufunesi 15. september 1978 HF/ke Áburðarverksmiðja ríkisins.
Þjóðskjalasafn Íslands:
    Túnakort: Gufunes 1916. Vigfús Guðmundsson, Keldum, teiknaði.
    Túnakort. Eiði 1916. Vigfús Guðmundsson, Keldum, teiknaði.

## Prentaðar / Útgefnar heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Gufuness og hjáleigu hennar Knútskots*. Árbæjarsafn skýrsla nr. 115. Reykjavík 2004.
